


Líf & fjör



Veflista-kona í Ingólfsstræti

Ásgerður Búadóttir er ein þekktasta veflista-kona landsins og á fjölda sýninga að baki. Ásgerður opnaði í gær sýningu í Gallerí Ingólfsstræti (nr.8) og sýnir þar nú verk sem unnin voru á síðasta ári. Þótt galleríð sé

ungt, opnaði árið 1995, er þetta í annað skiptið sem Ásgerður heldur þar sýningu en hún var ein af fyrstu sýnendum gallerisins. Sýningin stendur til 14. febrúar og er galleríð opið fimmtudaga til sunnudaga kl.14-18.

Svartklædda konan endurfrumsýnd

Viðar Eggertsson, leikari og leikstjóri, hefur tekið við hlutverki lögfræðingsins í leikritinu Svartklædda konan af Arnari Jónssyni. Leikritið hefur gengið síðan í október þegar það var fyrst frumsýnt en nú hefur Arnar þurft að taka sér frí vegna anna í Þjóðleikhúsinu og af tilefni innkomu Víðars verður leikritið endurfrumsýnt á morgun og mun allur ágóði af þessari hátíðarsýningu renna til Alnæmissamtakanna á Íslandi. Miðþapantíur eru í síma 561 0280.



Farandsýning

Farandsýningin mikla. Lífæðar 1999, sem á að ferðast milli 12 sjúkrahúsa á landinu verður á Landsspítalanum til 8. febrúar. Á sýningunni eru 34 myndverk og

18 ljóð. Hugmyndin að sýningunni kviknaði við lestur viðtals við Kristján T. Ragnarsson, yfirlækni í New York, sem keypti verk eftir Laufeyju Vilhjálmsdóttur til að lífga upp á ganga spítalans þar. Íslensku menningarsamsteypunni þótti ekki vanþörf á að gleða íslenska sjúklinga líka og hratt verkefni af stað.


HVAÐ ER Á SEYÐI?

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Hannes Hólmsteinn á Hótel Borg

Fiskur, eignir og réttlæti er heiti fyrirlestrar sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, heldur á vegum Hollvínasamtaka Háskóla Íslands laugardaginn 16. janúar nk. í Gyllta salnum á Hótel Borg og hefst hann kl. 15.00. Hannes Hólmsteinn mun mæta gagnrýni Þorsteins Gylfasonar heimspækisprófessors á kenningar lagaprófessoranna Sigurðar Líndals og Þorgeirs Örlygssonar um eðli veiðheimilda og túlkun þjóðar-eignarákvæðislaða um stjórn fiskveiða. Síðan mun Hannes Hólmsteinn ræða nýgenginn dóm Hæstaréttar um að útlutun veiðileyfa stríði gegn jafnræðisreglu og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor í eðlisfræði og vísindasögu mun flytja andmæli við erindi Hannesar. Fundarstjóri verður Steingrímur Hermannsson.

Bros sumarnæturinnar í Bæjarbíói



Á laugardaginn 16. janúar kl 17.00 verður sýnd Kvikmyndin Bros sumarnæturinnar eftir Ingmar Bergman. Myndin var frumsýnd í Stokkhólmi

árið 1955 og þótti nokkuð djörf á sínum tíma. Hún vann til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið eftir. Bros sumarnæturinnar er rómantísk gamanmynd sem gerist meðal fina fólksins á smástað í Svíþjóð í byrjun aldarinnar. Aðalleikararnir eru 9, gömul móðir og 4 pör sem rugla saman reitum sínum í veislu eina langa sumarnótt.

Félag eldri borgara Ásgarði, Glæsibæ

Félagsvíst kl. 13.30 í dag allir velkomnir. Framhald fræðisunámsstefunnar, Heilsa og hamingja á efri árum verður laugardaginn 16. janúar kl. 14.00. Jón Eyjólfur Jónsson öldrunarlæknir ræðir um minnstap og heilabilun, Einar Sindrason yfirlæknir ræðir um heyrnardeyfu og heyrnartækjameðferð og Guðrún K. Þórðardóttir framkvæmdastjóri Félags aðstandenda alheimersjúklinga heldur tölu. Göngu-Hrólfar fá góða gesti kl. 10 laugardag í Ásgarði, Hana-Nú hópurinn mun koma í léttu göngu og kaffi á eftir.

Ættfræðinámskeið

Ættfræðipjónustan er að byrja með ný ættfræðinámskeið að Hallveigarstöðum, Túngötu 14. Bodið er uppá grunnnámskeið fyrir byrjendur og framhaldsnámskeið fyrir lengra komna. Auk þjálfunar í vinnubrögðum fá þátttakendur gott svigrúm til að rekja eigin ættir með notkun frumheimilda og prentaðra bóka. Leiðbeinandi er Jón Valur Jensson guðfræðingur.

Hana-nú Kópavogi

Laugardaginn 16. janúar bjóða Göngu-Hrólfar í Reykjavík göngu-klúbnum í Gjabakka og Gullsmára til sameiginlegrar frá Ásgarði Glæsibæ, Álfheimum 74. Lagt af stað til Reykjavíkur með rútu frá Gullsmára kl. 10.00 og Gjabakka kl. 10.15.

Breiðfirðingafélagið

Félagsvíst verður spilud sunnudaginn 17. janúar kl 14.00 í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Fyrsti dagur í fjögurra daga keppni. Allir velkomnir.

Þotuliðið á Catalina

Hljómsveitin Þotuliðið leikur föstudags- og laugardagskvöld í Catalina í Hamraborg 11, Kópavogi.

Blásarakvintett Reykjavíkur



Tónleikar með Blásarakvintett Reykjavíkur verður í Gerðubergi laugardaginn 16. janúar kl. 16.00. Verk eftir Jón Leifs, Pál P. Pálsson, Jón Ásgeirsson og fleiri. Málþing um Jón Leifs verður haldið í Gerðubergi á eftir tónleikunum með kl. 17.00.



Tónlistarhús Kópavogs

Camerartica flytur verk eftir Jón Leifs, Oliver Kentish, John Speight o.fl. í Salnum, Tónlistarskóla Kópavogs sunnudaginn 17. janúar kl. 20.30.

Hljóð- og hveraverk á Mokka

Nú stendur yfir sýning Haraldar Karlssonar á Mokka við Skólavörðustíg á hljóðverkum og kristölluðum hveraverkum.

Stöðlakot Hafnarfirði

Í Stöðlakoti í Hafnarfirði stendur yfir sýning Margrétar Guðnadóttur á tágaga- og víraverkum.

Sýning í Hallgrímskirkju

Í anddyri Hallgrímskirkju er sýning á verkum eftir Þorbjörgu Höskuldsdóttur.

Hlynur vs Hlynur

Opnun á sýningu Hlyns Hallssonar og Hlyns Helgasonar verður í Gallerí Sævars Karls laugardaginn 16. janúar kl. 16.00. Sýningin stendur til 28. janúar.

Með hýrri há

Skemmti-, grín- og menningardagskrá samkynhneigðra í tilefni 20 ára afmælis Samtakanna 78 og stofnunar hóps samkynhneigðra stúdenta við H.Í. Fram koma leikarar, söngfuglar og ýmsir aðrir þakkarar í þveröfugri dagskrá. (- Hey mamma! ég er gay og það er allt þér að kenna; og ég er á föstu með nektardansmær og ég er búin að fá mér hringi í geirvörturnar. Má ég flytja aftur heim?) Umsjón hefur Ásdís Þórhallsdóttir. Allur ágóði rennur í húsakaupasjóð Samtakanna 78. Dagskráin hefst kl. 20.30.

Frá Ferðafélagi Íslands

Sunnudaginn 17. janúar, klukkan 10.00, efnir Ferðafélagið til Nýársferð-



ar í Herdísarvík. Farið verður á slóðir Einars Benediktssonar skálds með dr. Páli Sigurðssyni prófessor sem mun segja frá dvöl hans í Herdísarvík. Farið verður á ströndina og litid inní húsið. Sunndaginn 17. janúar klukkan 11.00 gengst Ferðafélagið fyrir skídagöngu í nágrenni Reykjavíkur. Brottför í báðar þessar ferðir er frá

Bílasýning

Helgina 16. og 17. janúar kl. 14-17



- Nýtt útlit - kraftmeini 125 hestafla vél.
- Ný sjálfskipting.
- Ný innrétting.
- Ný speglaljós.
- Nýtt loftnet í hliðarrúðu.
- Ný Multi Link fjöðrun

Sýnum Nýjan Legacy



Einnig verður til sýnis Impresa Turbo 4x4 ásamt fleiri bílum.

BSV

Bifreiðaverkstæði
Sigurðar Valdimarssonar
Óseyri 5 - Sími 461 2960 - Akureyri